36. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
Dagsetning: 25.8.2025
Fundartími: 16:30 – 18:30

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Anna Birna Björnsdóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Tvöföldun Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi að bæjarmörkum við Hólmsá.
Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir tvöföldun Suðurlandsvegar. Megin tilgangur tvöföldunar Suðurlandsvegar er að auka umferðaröryggi allra fararmáta og tryggja umferð um Suðurlandsveg með því að aðskilja aksturstefnur. Tvöföldun vegarins á þessum kafla er hluti af stærra verkefni sem er breikkun Suðurlandsvegar frá Hádegismóum í Reykjavík að Hveragerði. Þessi kafli frá Bæjarhálsi að bæjarmörkum við Hólmsá er innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og liggja að sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ.
Hluti deiliskipulagssvæðisins liggur um og við vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og framkvæmdir innan þess eru leyfisskyldar hjá heilbrigðiseftirliti. Heilbrigðiseftirlitssvæðin á höfuðborgarsvæðinu mynda framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði svæðisins. Þessi hluti vegarins liggur innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skilað umsögn. HEF tekur undir umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Því til viðbótar þá hvetur HEF til þess, að við veghönnun verði niðurföll á veginum tengd við olíuskiljur þar sem stutt er í viðtaka og aukin hætta er á mengunarslysum.
Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

2. Dagskrárliður: Borholur á Reykjum, Mosfellsbæ. Matskyldufyrirspurn
Skipulagsstofnun óskar umsagnar heilbrigðiseftirlits á matskyldufyrirspurn vegna framkvæmda við allt að sjö vinnsluholum fyrir hitaveitu á Reykjum í Mosfellsdal. Um er að ræða gróið land og einkennist svæðið einkum af ræktun ýmiskonar og beit. Landnotkun er skilgreind í aðalskipulagi sem óbyggð svæði eða framtíðar-íbúðarsvæði. Borplön eru í námunda við opin svæði til sérstakrar nota fyrir skógrækt og garðhúsabyggð. Vestan við framkvæmdasvæðið eru þéttbýl svæði með íbúðabyggð og samfélagsþjónustu. Endurhæfingarstöðin í Reykjalundi og næstu íbúabyggð eru í um 400 m fjarlægð frá borholu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

Að mati heilbrigðiseftirlits er ágætlega gerð grein fyrir þeim umhverfisáhrifum sem framkvæmdin hefur í för með sér. Meðfylgjandi matsskyldu fyrirspurninni fylgir áhrifamat á vatnshlot og kemur þar fram að áhrif á þau vatnshlot sem eru á svæðinu eru takmörkuð en vöktun þó nauðsynleg. Samkvæmt vatnaáætlun skulu öll vatnshlot vera í góðu eða mjög ástandi og því er nauðsynlegt að unnið verði ítarlegra áhrifamat á vatnshlot áður en framkvæmdir hefjast og ítarleg vöktunaráætlun þarf að liggja til grundvallar. Heilbrigðiseftirlitið telur að í matsskyldufyrirspurninni sé ágætlega gerð grein fyrir helstu þáttum framkvæmdarinnar og þeim umhverfisáhrifum sem hún veldur og því ekki þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.
Heilbrigðisnefnd staðfestir niðurstöðu heilbrigðiseftirlits varðandi matskylduna.

3. Dagskrárliður: Auglýsingamastur við Baugshlíð í Mosfellsbæ
Um er að ræða tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Skálahlíð, næst Baugshlíð og Vesturlandsvegi. Tillagan gerir ráð fyrir að sett verði upp nýtt auglýsingamastur fyrir tvo rafræna LED skjái, um 6*4 m að stærð með skjáflöt upp á tæpa 24 m2. Skjáirnir tveir snúa frá byggð, til suðaustur og suðvesturs.
Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir. Í umferðarlögum nr. 77/2019 kemur fram að óheimilt er að setja upp spjöld, auglýsingar eða ljósaskilti við vegi, þannig að þeim sé beint að umferð nema með heimild veghaldara og getur veghaldari synjað um slíkt leyfi ef hann telur það draga úr umferðaröryggi. Í kynningu á tillögunni kemur fram að skjáirnir snúa frá byggð, en þar sem þeir eru í 8 metra hæð þá gætu þeir verið í sjónlínu við fjölbýlishús við Rauðamýri 1 og eins þarf að skoða hvort ljósmengun frá skiltunum hafi áhrif á væntanlega byggð í Blikastaðalandi.
Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits.

4. Dagskrárliður: Álit Umhverfis- og orkustofnunnar varðandi skilgreiningu á þvottahúsi
Lagt fram svar Umhverfis-og Orkustofnunar (UO) dags. 23.07.2025 við fyrirspurn HEF, þar sem óskað var eftir álit stofnunarinnar á því hvort þvottahús væri starfsleyfisskylt óháð, stærð eða umfangi þeirrar starfsemi sem um væri að ræða.
Í svari UO kemur m.a. fram að þvottahús sé talið upp í 118 tölul. í viðauka IV með lögum nr. 7/1998 um hollustu og mengunarvarnir sem listar upp þá starfsemi sem heilbrigðisnefndir gefa starfsleyfi fyrir. Þá er jafnframt vísað í ákvæði IV kafla reglugerðar nr.903/2024 um hollustuhætti um skyldur rekstraraðila, en þar kemur fram í 4. mgr. 14. gr. að sé þvottur þveginn á staðnum skuli það gert við aðstæður sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Í ljós framangreinds telur UO að þvottahús skv. 118. lið í viðauka IV við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, beri að skilgreina sem sjálfstæða starfsemi, eða hluta af starfsemi.
Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að niðurstaða Umhverfis- og orkustofnunnar er í samræmi við þá kröfu sem heilbrigðiseftirlitið hefur gert til þeirra aðila sem hafa verið með slíka starfsemi. Sú ákvörðun um að þvottahús starfsemi viðkomandi fyrirtækis væri starfsleyfisskyld var kærð til ÚUA og var þeirri ákvörðun vísað frá á grundvelli þess að heilbrigðisfulltrúi hafði ekki þá valdheimild að fyrirskipa lokun starfseminnar heldur er það ákvörðun heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd mun taka mið af þeim úrskurði við ákvörðun um stöðvun starfsemi á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarna.

5. Dagskrárliður: Úrskurður í máli Smartco ehf. - Cocoa puffs og Lucky Charms
Lagður fram úrskurður Atvinnuvegaráðuneytis dags. 5. ágúst 2025 í máli Smartco ehf. þar sem kærð var sú ákvörðun HEF að taka úr sölu morgunkornið Lucky Charms og Cocoa Puffs með vísan til 3. mgr. 30. gr. mvl. Gerð var krafa um að ákvörðun heilbrigðiseftirlits verði felld úr gildi. Kærandi lagði fram kæru þann 10. október 2023 og fékk heilbrigðiseftirlitið 2 vikna frest til að skila umsögn vegna málsins en fékk auka frest til 17. nóvember til að skila sinni umsögn.
Kærandi heldur því fram að hann hafi tryggt að vörurnar fullnægi skilyrðum laga um matvæli og að hann hafi aflað upplýsinga frá framleiðandanum General Mills til staðfestingar þess að vörurnar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

innihaldi aðeins þau efni sem tilgreind eru á innihaldslista. Þá hafi hann sannprófað að innihaldsefni morgunkornanna uppfylli kröfur Evrópuþingins og ráðsins um (EB) nr.1333/2008 um aukaefni í matvælum. Í samráði við Matvælastofnun og fyrri úrskurði í sambærilegu máli, þá óskaði HEF eftir að dreifingaraðili legði fram ítarlegar upplýsingar um magn innihaldsefna til að hægt væri að staðfesta hvort innihaldsefnin væru í samræmi við kröfur um leyfileg innihaldsefni. Þeirri málaleitan var ekki svarað en fyrir lá yfirlýsing framleiðanda um morgunkornið uppfyllti ekki kröfur regluverks EES-svæðisins. Óskað var nýrra umsagnar framleiðanda og var sú niðurstaða ítrekuð í bréfi frá framleiðanda, General Mills. Þá benti heilbrigðiseftirlitið á að merkingar (ísl. þýðingar) væri ábótavant. Kærandi taldi að þá hefði eitt og sér ekki réttlæt sölustöðvun og hefði átt að kalla eftir úrbótum, ekki sölustöðvun, þar sem um nýja athugasemd væri um að ræða. Úrskurður Atvinnumálaráðuneytisins er að heilbrigðiseftirlitið hafi ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni og þar sem kærandi hafi leiðrétt merkingar sínar, er ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins felld úr gildi.
Heilbrigðisnefnd vekur athygli á því að úrskurður ráðuneytisins er birtur nú nær 2 árum frá því að ákvörðunin heilbrigðiseftirlitsins var kærð. Sú fullyrðing í úrskurðinum að heilbrigðiseftirlitið hafi lagt nær alfarið alla sönnunarbyrði á kæranda er mótmælt. Haft var samband við framleiðanda vörunnar og fyrir lágu yfirlýsingar frá þeim aðila, þar sem hann gefur út yfirlýsingu um að morgunkornið uppfylli ekki kröfur um leyfileg aukaefni á Evrópska efnahagssvæðinu. Þar sem svo langt er liðið frá ákvörðun heilbrigðiseftirlits um að taka vörurnar úr sölu, hafa forsendur breyst og hefur General Mills gefið út nýja yfirlýsingu þar sem fyrirtækið tilkynnir að þeir hafi breytt innihaldsefnum þannig að þau séu nú innan þeirra marka um innihaldsefni fyrir Cocoa Puffs sem löggjöfin kveður á um. Niðurstaða ráðuneytisins markar ákveðna óvissu um rannsóknarskyldu heilbrigðiseftirlits og hefur heilbrigðiseftirlitið óskað eftir leiðbeiningum frá Matvælastofnun og ráðuneytinu um hversu langt eftirlitið á að ganga til að uppfylla rannsóknarskyldu sína.

6. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur HEF 9. júlí 2025
Fundargerð afgreiðslufundar frá 9. júlí sl. lögð fram til kynningar og samþykktar.

7. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur HEF 16. júlí 2025
Fundargerð afgreiðslufundar frá 16. júlí sl. lögð fram til kynningar og samþykktar.

8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur HEF 23. júlí 2025
Fundargerð afgreiðslufundar frá 23. júlí sl. lögð fram til kynningar og samþykktar.

9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur HEF 30. júlí 2025
Fundargerð afgreiðslufundar frá 30. júlí sl. lögð fram til kynningar og samþykktar.

10. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur HEF 6. ágúst 2025
Fundargerð afgreiðslufundar frá 6. ágúst sl. lögð fram til kynningar og samþykktar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

11. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur HEF 13. ágúst 2025
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar 13. ágúst sl. til kynningar og samþykktar.

12. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur HEF 20. ágúst 2025
Lögð fram fundargerð frá 20. ágúst 2025 til kynningar og samþykktar.

Undirskrift fundargerðar

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026

66. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 9.7.2025	**Fundartími: 08:30 – 09:30**
Boðaðir:	Dröfn Friðriksdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir; Karitas Róbertsdóttir; Eiríkur Vigfússon; Máni Þór Magnason; Baldur Örn Þórarinsson
Fundarstjóri:	Hörður Þorsteinsson
Ritari:	Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. **Norðurbakki 1 Hafnarfirði - bakarí – endurn ýjun á starfsleyfi**
2. **Hamraborg 20a Kópavogi - nuddstofa - skráning**
3. **Hamraborg 20a Kópavogi – nagla snyrtistofa - starfsleyfi**
4. **Tinhella 3 Hafnarfirði - málmsmiðja - starfsleyfi**
5. **Urðarhvarf 8B Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi**
6. **Markholt 2 Mosfellsbæ - dreifing matvæla - starfsleyfi**
7. **Bæjarhraun 2 Hafnarfirði - snyrtistofa - starfsleyfi**
8. **Dalvegur 20 Kópavogi - söluturn - tóbaksleyfi**
9. **Dalvegur 20 Kópavogi - söluturn - starfsleyfi**
10. **Skeiðarás 3 Garðabæ - vélaverkstæði - skráning**
11. **Dalsmári Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn**

1. Norðurbakki 1 Hafnarfirði - bakarí - endurnýjun á starfsleyfi
Lögð fram umsókn Odds Smára Rafnssonar f.h. Brikk brauð og eldhús, kt. 271084-2509 dags. 07.07.2025 þar sem sótt er um endurnýjun á starfsleyfi fyrir bakarí að Norðurbakka 1 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2292613. Eftirlitsskýrsla dags. 09.07.2025.
Með vísun til ákvæða matvæla er starfsleyfi samþykkt.

2. Hamraborg 20a Kópavogi - nuddstofa - skráning
Lögð fram umsókn Maximo Manso Ndong f.h. Dermér ehf., kt. 511018-0640 dags. 03.04.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir nuddstofu að Hamraborg 20a Kópavogi. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 2.7.2025
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

3. Hamraborg 20a Kópavogi - naglasnyrtistofa - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Tran Bích nga, kt. 170186-4009 f.h. Holidays nails & gift store., (kt. 540110-0930) dags. 09.03.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir nagla- og nuddstofu að Hamraborg 20a Kópavogi. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 2.7.2025
Með vísan til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfið samþykkt til 4 ára.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

4. Tinhella 3 Hafnarfirði - málmsmiðja - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Birgis Arnar Friðjónssonar f.h. Kambstál ehf., kt.671010-1320 dags. 31.03.2025 þar sem sótt er um skráningu fyrir málmsmiðju að Tinhellu 3 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2330656. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 8.4.2025.Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 2.4.2025, jákvætt svar byggingarfulltrúa dags.04.07.2025.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

5. Urðarhvarf 8B Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Þóreyjar Haraldsdóttur f.h. Florealis ehf., dags. 14.03.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Urðarhvarfi 8B Kópavogi. Dreifing frá vöruhúsi, (Distica). Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 09.07.2025.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

6. Markholt 2 Mosfellsbæ - dreifing matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Ólafs Sigurðssonar f.h. Varmás ehf., kt. 711292-3229, dags. 20.01.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Markholti 2 Mosfellsbæ, fasteignanr. F2083854. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 9.4.2025.Bréf sent byggingarfulltrúa dags.11.06.2025. Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags.04.07.2025.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

7. Bæjarhraun 2 Hafnarfirði - snyrtistofa - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Irenu Auðar Pétursdóttur f.h. Heilsan Mín ehf., kt. 610519-0320 dags. 10.06.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Bæjarhrauni 2 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074245. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 10.6.2025. Sent á byggingarfulltrúa dags.07.07.2025. Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 08.07.2025.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

8. Dalvegur 20 Kópavogi - söluturn - tóbaksleyfi
Lögð fram umsókn Steingríms Bjarnasonar f.h. Clippers ehf., kt. 671204-4410 dags. 20.06.2025, þar sem sótt er um tóbaksleyfi í söluturni við Dalvegi 20 Kópavogi. Fasteignanr. F2059493. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 7.7.2025
Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.

9. Dalvegur 20 Kópavogi - söluturn - starfsleyfi
L12571 Clippers ehf - L12571
Lögð fram umsókn Steingríms Bjarnasonar f.h. Clippers ehf., kt. 671204-4410 dags. 23.06.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir söluturn að Dalvegi 20 Kópavogi. Fasteignanr. F2059493. Eigendaskipti.
Eftirlitsskýrsla dags. 7.7.2025
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

10. Skeiðarás 3 Garðabæ - vélaverkstæði - skráning
Lögð fram umsókn Sigurðar Arnar Sigurðssonar f.h. Vélavit ehf., kt. 430908-0810 dags. 26.06.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir vélaverkstæði að Skeiðarási 3 Garðabæ. Fasteignanr. F2072120. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 4.7.2025
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026

11. Dalsmári Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn
Lögð fram umsagnarbeiðni sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Basic Events ehf., kt. 460515-0170 dags. 26.06.2025 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir Color Run - Fjölskylduhlaup þann 16.08.2025 frá kl. 08:00 - 14:00 við Kópavogsvöll Dalsmára Kópavogi. Áætlaður gestafjöldi 3000 manns.
Jákvæð umsögn staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026

67. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 16.7.2025	**Fundartími: 08:30 – 09:30**
Boðaðir:	Dröfn Friðriksdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir; Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir; Karitas Róbertsdóttir; Eiríkur Vigfússon; Máni Þór Magnason; Baldur Örn Þórarinsson
Fundarstjóri:	Hörður Þorsteinsson
Ritari:	Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. **Smiðjuvegur 46 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi**
2. **Hamrabrekka 8 Mosfellsbæ - gistileyfi - umsögn**
3. **Hagasmári 1 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi**
4. **Nýbýlavegur 4 Kópavogi - lyfjaverslun - starfsleyfi**
5. **Álfhella 15 Hafnarfirði - bifreiða- og vélaverkstæði - skráning**
6. **Rauðhella 1 Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi**
7. **Vesturlandsvegur - malbikun - tímabundið starfsleyfi**
8. **Hafnarbraut 15C - bakarí - endurnýjun á starfsleyfi**
9. **Bollagarðar 51 Seltjarnarnesi - Tívolí - Starfsleyfi**

1. Smiðjuvegur 46 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Guðmundar Gíslasonar f.h. Kjötmarkaðurinn ehf., kt. 450312-1420 dags. 15.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Smiðjuvegur 46 Kópavogi. Fastanr. F2065370. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 15.07.2025
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

2. Hamrabrekka 8 Mosfellsbæ - gistileyfi – umsögn
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 04.06.2025 f.h. Oak House ehf., kt. 581122-0980 þar sem sótt er um Gistileyfi fyrir Gististað í Flokki II - H Frístundahús í fl. II. að The Glass House, Hamrabrekku 8 Mosfellsbæ. F2331104. Hámarks gestafjöldi 4.
Neikvæð umsögn um rekstrarleyfi hjá bæjarráði Mosfellsbæjar þann 14.07.2025.
Neikvæð umsögn staðfest, þar sem viðkomandi er ekki með starfsleyfi.

3. Hagasmári 1 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Iðunnar Sveinsdóttur f.h. Epal ehf., kt. 560775-0249 dags. 14.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Hagasmára 1 Kópavogi. Fastanr. F2227650-U206. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 14.07.2025
Með vísan til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

4. Nýbýlavegur 4 Kópavogi - lyfjaverslun - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Thelmu Agnar Sveinsdóttur f.h. Lyfja ehf., kt. 531095-2279 dags. 11.06.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir lyfjaverslun að Nýbýlavegi 4 Kópavogi Fasteignanr. F2224462. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 15.7.2025
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5. Álfhella 15 Hafnarfirði - bifreiða- og vélaverkstæði - skráning
Lögð fram umsókn Eiríks Þórs Eiríkssonar f.h. Landfari ehf., kt. 650190-1309 dags. 13.06.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða og vélaverkstæði að Álfhellu 15 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2329983. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 14.07.2025.Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 24.06.2025.Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 14.07.2025.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

6. Rauðhella 1 Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Eygló Mery f.h. Hyped ehf., kt. 670824-3730 dags. 30.06.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Rauðhellu 1 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2258281. Dr. Breyting á húsnæði.
Eftirlitsskýrsla dags.16.07.2025.Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 07.07.2025, jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 08.07.2025.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

7. Vesturlandsvegur - malbikun - tímabundið starfsleyfi
Lögð fram umsókn um starfsleyfi Birgis Blöndahl Arngrímssonar f.h. Colas Ísland ehf. dags. 30.6.2025. Þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi til malbikun á Vesturlandsvegi, vatnsverndarsvæði 2025 - yfirlagnir fyrir vegagerðina.
Starfsleyfi samþykkt til 15. ágúst 2025.

8. Hafnarbraut 15C - bakarí - endurnýjun á starfsleyfi
Lögð fram umsókn Odds Smára Rafnssonar f.h. Brikk brauð og eldhús, kt. 271084-2509 dags. 07.07.2025 þar sem sótt er um endurnýjun á starfsleyfi fyrir bakarí að Hafnarbraut 15C Kópavogi. Fasteignanr. F2292613. Eftirlitsskýrsla dags. 11.03.2025
Með vísun til ákvæða matvæla er starfsleyfi samþykkt.

9. Bollagarðar 51 Seltjarnarnesi - Tívolí - Starfsleyfi
Lögð fram umsókn Kane Taylor f.h. Taylors Tívolí Iceland ehf., kt. 650619-0130 dags. 10.07.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir ferðatívolí. Skráð lögheimili að Bollagörðum 51, Seltjarnarnesi.
Eftirlitsskýrsla dags. 16.07.2025.
Með vísun til ákvæða hollustuháttreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026

68. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 23.7.2025	**Fundartími: 09:00 – 10:00**
Boðaðir:	Dröfn Friðriksdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir; Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir; Karitas Róbertsdóttir; Eiríkur Vigfússon; Máni Þór Magnason; Baldur Örn Þórarinsson
Fundarstjóri:	Hörður Þorsteinsson
Ritari:	Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. **Auðbrekka 10 Kópavogi - matvöruverslun - starfsleyfi**
2. **Traðarberg 1 Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi**
3. **Tónahvarf 7 Kópavogi - dreifing matvælasnertiefna - starfsleyfi**
4. **Suðurhella 8 Hafnarfjörður - trésmíðaverkstæði - skráning**
5. **Miðhraun 24 Garðabæ - veitingaleyfi - umsögn**
6. **Laufbrekka 5 Kópavogi - innflutningur matvæla - starfsleyfi**
7. **Brúnavegur 13 Kópavogi - Stækkun hjúkrunarheimilis - Starfsleyfi**
8. **Miðhraun 24 Garðabæ- golfhermir/bar - starfsleyfi**
9. **Hafnarbraut 14 Kópavogi - matarvagn - endurnýjun á starfsleyfi**

1. Auðbrekka 10 Kópavogi - matvöruverslun - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Ashek Almohamad f.h. Lulu Market ehf., kt. 591224-0180 dags. 23.01.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun að Auðbrekku 10 Kópavogi. Fasteignanr. F2058801. Ný starfsemi.
Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 28.01.2025. Neikvætt svar 30.01.2025.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttreglugerða er starfsleyfisumsókn hafnað, þar sem ekki liggur fyrir samþykki byggingarfulltrúa.

2. Traðarberg 1 Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Huga Halldórssonar f.h. Bagg netverslun ehf., kt. 700525-1040, dags. 02.06.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir vefverslun að Traðarbergi 1 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2080223. Endurnýjun á starfsleyfi. - Lager hýstur hjá vöruhúsi Samskipa.
Eftirlitsskýrsla dags. 18.6.2025
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3. Tónahvarf 7 Kópavogi - dreifing matvælasnertiefna - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Vignis Jóhannessonar f.h. RMK ehf dags. 17.12.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla snertiefna að Tónahvarfi 7 Kópavogi húshluti 0103. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 23.07.2025.Sent á byggingafulltrúa dags.26.03.2025. Jákvætt svar dags. 26.03.2025.
Starfsemin er tilkynningarskyld og skráð hjá heilbrigðiseftirlitinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

4. Suðurhella 8 Hafnarfjörður - trésmíðaverkstæði - skráning
Lögð fram umsókn Arnars Freys Björnssonar f.h. Fimm Ásar ehf., kt. 670317-1610 dags. 02.06.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir trésmíðaverkstæði að Suðurhellu 8 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2306862. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 17.07.2025. Bréf sent byggingafulltrúa dags.02.06.2025. Þann 16.7.2025 barst HEF jákvæð umsögn byggingarfulltrúa.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

5. Miðhraun 24 Garðabæ - veitingaleyfi - umsögn
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.06.2025 f.h. Infront ehf., kt. 460320-1000 þar sem sótt er um Veitingaleyfi í Flokki II - C Veitingastofa og greiðasala í Sweet Spot að Miðhrauni 24 Garðabæ. F2329866. Hámarks gestafjöldi 55.
Eftirlitsskýrsla dags. 21.07.2025.
Jákvæð umsögn send á sýslumann 23.07.2025.

6. Laufbrekka 5 Kópavogi - innflutningur matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Davíðs Goyal f.h. Goyal Imports ehf, kt. 501122-1490 dags. 03.07.2025. þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir innflutning á matvælum að Laufbrekku 5, Kópavogi. Fasteignanr. F2058713. - Lager er hýstur í vöruhóteli Eimskips.
Eftirlitsskýrsla dags. 21.7.2025.
Með vísun til ákvæða matvæla er starfsleyfi samþykkt.

7. Brúnavegur 13 Kópavogi - Stækkun hjúkrunarheimilis - Starfsleyfi
Lögð fram umsókn Kristrúnar Benediktsdóttur f.h. Hrafnistu Boðaþings., kt. 480210-2040 þar sem sótt er um stækkun hjúkrunarheimilis að Brúnavegi 13, Kópavogi.
Eftirlitsskýrsla dags. 08.07.2025.Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 14.07.2025.Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags, 22.07.2025.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

8. Miðhraun 24 Garðabæ- golfhermir/bar - starfsleyfi
Lögð fram umsögn Sigurðar Árna Þórðarsonar f.h. Sweet Spot, kt. 460320-1000 dags. 09.07.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir golfermi og bar að Miðhrauni 24 Garðabæ. Fasteignanr. 2329866. Ný starfsemi
Eftirlitsskýrsla dags. 21.07.2025.Bréf sent byggingafulltrúa dags.16.07.2025.Jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 23.07.2025.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

9. Hafnarbraut 14 Kópavogi - matarvagn - endurnýjun á starfsleyfi
Lögð fram umsókn Birgis Rúnars Halldórssonar f.h. The Wingman, kt. 480615-0690 dags. 09.07.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matarvagni í færanlegri starfsemi í Kópavogi. Nýtt starfsleyfi.
Eftirlitsskýrsla dags. 22.7.2025
Með vísun til matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

69. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 30.7.2025	**Fundartími: 09:00 – 10:00**
Boðaðir:	Dröfn Friðriksdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir; Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir; Karitas Róbertsdóttir; Eiríkur Vigfússon; Máni Þór Magnason; Baldur Örn Þórarinsson
Fundarstjóri:	Hörður Þorsteinsson
Ritari:	Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. **Miðhraun 24 - veitingaleyfi - umsögn**
2. **Bugðufljót 15h Mosfellsbæ - biðreiðaverkstæði - starfsleyfi**

1. Miðhraun 24 - veitingaleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 25.07.2025 f.h. Infront ehf. (Sweet spot), kt. 460320-1000 þar sem sótt er um breytingu gestafjölda í veitingaleyfi í flokki II - C að Miðhrauni 24 Garðabæ F2329866. Hámarks gestafjöldi 50.
Jákvæð umsögn staðfest.

2. Bugðufljót 15H Mosfellsbæ - biðreiðaverkstæði - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Aurumias Novikas f.h. Hraun Bílaservice ehf., kt. 411226-0940 dags. 11.07.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Bugðufljóti 15H Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2523848. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 22.07.2025Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 09.07.2025.Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 23.07.2025.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

70. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 6.8.2025	**Fundartími: 09:00 – 10:00**
Boðaðir:	Dröfn Friðriksdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir; Karitas Róbertsdóttir; Eiríkur Vigfússon; Máni Þór Magnason; Baldur Örn Þórarinsson
Fundarstjóri:	Hörður Þorsteinsson
Ritari:	Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. **Flatahraun 5B Hafnarfirði - matvælaframleiðsla - starfsleyfi**
2. **Þríhnúkar í Bláfjöllum - ferðaþjónusta - starfsleyfi**
3. **Garðahraun 2 Garðabæ, matvælavinnsla - starfsleyfi**
4. **Kaplakriki - veitingaleyfi - umsögn**
5. **Kaplakriki - Fimleikafélag Hafnarfjarðar - starfsleyfi**
6. **Vetrarbraut 30 Garðabæ - tækifærisleyfi - umsögn**
7. **Drangahraun 8 Hafnarfirði - bifreiða- og vélaverkstæði - skráning**
8. **Hólabraut 2 - snyrtistofa með húðrof - starfsleyfi**

1. Flatahraun 5B Hafnarfirði - matvælaframleiðsla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Brynju Óskar Bjarnadóttur f.h. Eldhúsið okkar ehf., kt. 710125-0900 dags 05.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu og veisluþjónustu að Flatahrauni 5b Hafnarfirði. Fasteignanr. F2224462. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 31.07.2025.Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 20.05.2025 jákvætt svar 21.05.2025.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

2. Þríhnúkar í Bláfjöllum - ferðaþjónusta - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Björns Ólafssonar f.h. 3H Travel ehf., kt. 600212-0790 dags. 20.01.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dagsferðir í Þríhnúkagíg Bláfjöllum. Löhgheimili fyrirtækis Markarflöt 5 Garðabæ. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 25.06.2025.Drög að starfsleyfi auglýst 4.7.2025.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3. Garðahraun 2 Garðabæ, matvælavinnsla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Helga Mar Gíslasonar f.h. Góa Linda ehf., kt. 410168-0229 dags. 01.04.2025 þar sem sótt er um viðbót við starfsleyfi fyrir framleiðslu á poppkorni að Garðahrauni 2 Garðabæ. Fasteignanúmer F2263910. Viðbót við starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 31.07.2025.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026

4. Kaplakriki - veitingaleyfi - umsögn
Lögð fram umsagnarbeiðnir sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar, kt. 540169-2769 dags. 07.07.2025 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir kaffihús með áfengissölu á útisvæði Fimleikafélags Hafnarfjarðar, Hafnarfirði virka daga til 23:30 og aðfaranætur frídaga til 03:00, Hámarksgestafjöldi er 2000 manns. Eftirlitsskýrsla dags. 01.08.2025.
Jákvæð umsögn staðfest.

5. Kaplakriki - Fimleikafélag Hafnarfjarðar - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Elsu Hrannar Reynisdóttur f.h. Fimleikafélag Hafnarfjarðar kt. 540169-2769 dags. 29.07.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veislusal og útiveitingar að Kaplakrika Hafnarfirði. Fasteignanr. F2507664. Breytingar á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 01.08.2025.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6. Vetrarbraut 30 Garðabæ - tækifærisleyfi - umsögn
Lögð fram umsagnarbeiðnir sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Katrínar Óskar Aldan Gunnarsdóttur, kt.030882-2969 dags. 06.08.2025 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu vegna lokahófs landsmóts Oddfellow í golfi, að Vetrarbraut 30 Garðabæ, F2524611. Dags. 09.08.2025 frá kl.18:00 til 10.08.2025 kl. 01.00. áætlaður. fjöldi gesta 200 manns.
Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn.

7. Drangahraun 8 Hafnarfirði - bifreiða- og vélaverkstæði - skráning
Lögð fram umsókn Ali Alzirkani f.h. Dekkjalíf ehf., kt. 440725-0150 dags. 31.07.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Drangahrauni 8, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2507262. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags.05.08.2025Jákvæð umsögn byggingarfulltrúa 31.07.2025
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

8. Hólabraut 2 - snyrtistofa með húðrof - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Hjördísar Sigurbjörnsdóttir kt. 060183-4819 dags. 05.08.2025, þar sem sótt er um endurnýjun á starfsleyfi fyrir snyrtistofu með húðrof að Hólabraut 2 Hafnarfirði. Fasteignanr. 2075764. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 20.03.2025.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026

71. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 13.8.2025	**Fundartími: 10:00 – 11:00**
Boðaðir:	Dröfn Friðriksdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir; Karitas Róbertsdóttir; Eiríkur Vigfússon; Máni Þór Magnason; Baldur Örn Þórarinsson
Fundarstjóri:	Hörður Þorsteinsson
Ritari:	Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. **Háholt 2 Mosfellsbæ - Hlégarður - tækifærisleyfi - umsögn**
2. **Strandgata 53 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn**
3. **Laufbrekka 5 Kópavogi - dreyfing matvæla - starfsleyfi**
4. **Valhúsabraut 35 Seltjarnarnesi - gistileyfi - umsögn**
5. **Strandgata 9, Hafnarfirði - Kaffihús og bar - Umsögn**
6. **Strandgata 9, Hafnarfirði - Kaffihús og bar - Starfsleyfi**
7. **Gjáhella 17 Hafnarfirði - dreifing efnavöru - starfsleyfi**
8. **Dalvegur 26 Kópavogi - dekkjaverkstæði - skráning**
9. **Dalvegur 26 Kópavogi - dekkja- og smurverkstæði - starfsleyfi**
10. **Reykjavíkurvegur 15 Hafnarfirði (Strandgata 75)- veitingastofa - starfsleyfi**
11. **Skólavegur Garðabæ - leikskóli - starfsleyfi**
12. **Austurhraun 3, Garðabæ - Bón og bílaþvottur - skráning**
13. **Hjallabrekka 2 Kópavogi - smurbrauðstofa - starfsleyfi**
14. **Hlíðasmári 11 Kópavogi - læknastofur - starfsleyfi**
15. **Víkurgata 11b, Hafnarfjörður - vinnsla málma - skráning**
16. **Bæjarlind 14-16 Kópvogi - veitingaleyfi - umsögn**
17. **Dalvegur 24 Kópavogi - dekkja- og smurverkstæði - starfsleyfi**
18. **Dalvegur 24 Kópavogi - bifreiðaverkstæði - skráning**
19. **Dalvegur 26 Kópavogi - bifreiða- og vélaverkstæði - skráning**
20. **Dalvegur 26 Kópavogi - bifreiðaverkstæði - skráning**
21. **Dalvegur 24 Kópavogur - bón- og bílaþvottastöð - skráning**

1. Háholt 2 Mosfellsbæ - Hlégarður - tækifærisleyfi - umsögn

Lögð fram umsagnarbeiðni sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. 270 viðburðir ehf., kt. 620823-0660 dags.12.08.2025 þar sem sótt er um tækifærisleyfis fyrir bæjarhátíðina Í túninu heima, sem haldin verður þann 29.08.2025 frá kl. 15:00 til 30.08.2025 kl. 02:00 í Hlégarði Háholti 2 Mosfellsbæ. Áætlaður gestafjöldi 500 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

2. Strandgata 53 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lögð fram umsagnarbeiðni sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Kvennaskólinn í Reykjavík kt. 650276-0359 dags.12.08.2025 þar sem sótt er um tækifærisleyfis vegna nýnemadansleik þann

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

28.08.2025 frá kl. 22:00 til 29.08.2025 kl. 01:00 í íþróttahúsinu Strandgötu 53 Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 800 manns.
Jákvæð umsögn staðfest.

3. Laufbrekka 5 Kópavogi - dreyfing matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Davíðs Goyal f.h .Goyal Imports ehf., kt. 501122-1490 dags. 03.07.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir innflutning og dreifingu á matvælum að Laufbrekku 5 Kópavogi. Dreifing frá vöruhóteli Eimskips. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 21.07.2025.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerðar er starfsleyfi samþykkt.

4. Valhúsabraut 35 Seltjarnarnesi - gistileyfi - umsögn
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.08.2025 f.h. Ólafs Egilssonar, kt. 200836-2009 þar sem sótt er um Gistileyfi fyrir gististað í Flokki II - B minna gistiheimili, Grótta Northern Lights að Valhúsabraut 35 Seltjarnarnesi. F2068271. Hámarks gestafjöldi 10.
Neikvæð umsögn, þar sem ekki liggur fyrir umsókn um starfsleyfi.

5. Strandgata 9, Hafnarfirði - Kaffihús og bar - Umsögn
Lögð fram umsagnarbeiðnir sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Barbara kaffibar, kt. 690425-0410 dags. 31.07.2025 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir kaffihús með áfengissölu á Strandgötu 9, Hafnarfirði frá kl. 11:00 til 23:00 virka daga, og 1:00 aðfaranætur frídaga.
Neikvæð umsögn þar sem salernisfjöldi er ekki í samræmi við starfsleyfi.

6. Strandgata 9, Hafnarfirði - Kaffihús og bar - Starfsleyfi
Lögð fram umsókn Sigurðar Halldórs Bjarnasonar f.h. Barbara kaffibar, kt. 690425-0410 dags. 30.7.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir kaffihúsi með veitingum og sölu áfengis Fastanr. F2079437. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 13.08.2025Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 31.07.2025.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

7. Gjáhella 17 Hafnarfirði - dreifing efnavöru - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Felix Hjálmarsson f.h. Ensím ehf., kt. 490616-0120 dags. 30.06.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifing og blöndun efnavöru að Gjáhellu 17 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2510937. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 02.07.2025.Fyrirspurn til byggingarfulltrúa dags. 09.07.2025.Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 10.07.2025. Drög að starfsleyfi auglýst 10.7.2025
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

8. Dalvegur 26 Kópavogi - dekkjaverkstæði - skráning
Lögð fram umsókn Sergej Vasiljev f.h. SV Dekk ehf., kt. 520319-0850 dags. 10.06.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir dekkjaverkstæði að Dalvegi 26 Kópavogi. Fasteignanr. F2060536. Endurnýjun.
Neikvæð umsögn byggingarfulltrúa dags. 12.6.25Bréf sent umsækjanda vegna neikvæðrar umsagnar byggingarfulltrúa 18.6.2523.6.25.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráningu hafnað, þar sem ekki liggur fyrir samþykkt notkun húsnæðis frá byggingarfulltrúa.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

9. Dalvegur 26 Kópavogi - dekkja- og smurverkstæði - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Hubert Marzycki f.h. N2K Garage ehf., kt. 600622-0210 dags. 28.05.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dekkja- og smurverkstæði að Dalvegi 26 Kópavogi. Fasteignanr. F2060536. Ný starfsemi.
Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 02.06.2025. Neikvætt svar 05.06.2025.Bréf sent umsækjanda vegna neikvæðrar umsagnar byggingarfulltrúa 18.6.25
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráningu hafnað, þar sem ekki liggur fyrir samþykkt notkun húsnæðis frá byggingarfulltrúa.

10. Reykjavíkurvegur 15 Hafnarfirði (Strandgata 75)- veitingastofa - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Sigurðar Ólasonar f.h. Pasta23 ehf.,/Figo/Sydhavn kt. 540723-0360 dags. 04.06.2025 þar sem sótt er um viðbót við starfsemi að Reykjavíkurvegi 15b Hafnarfirði. Fasteignanr. F2080223. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 12.8.2025.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

11. Skólavegur Garðabæ - leikskóli - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Hönnu Halldóru Leifsdóttur f.h. Garðabæjar kt. 570169-6109 dags. 03.06.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir leikskólann Krakkakot við Skólaveg Garðabæ. Fasteignanr. L123227. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 13.8.2025.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

12. Austurhraun 3, Garðabæ - Bón og bílaþvottur - skráning
Lögð fram umsókn Halldórs Kristjánssonar f.h. Nordic Luxury ehf., kt. 601113-1200, dags. 07.12.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir bón og bílaþvott eigin bifreiða að Austurhrauni 3, Garðabæ. Fasteignanr. F2244424. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 15.1.2024.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

13. Hjallabrekka 2 Kópavogi - smurbrauðstofa - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Steindórs Steindórssonar f.h. Brauðsneiðin ehf., /Studíó Brauð kt. 540706-1150 dags. 24.03.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir smurbrauðstofu að Hjallabrekku 2 Kópavogi. Fasteignanr. F2061530. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 13.08.2025.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

14. Hlíðasmári 11 Kópavogi - læknastofur - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Magnúsar Jóhannsson f.h. Tryggingastofnunar ríkisins, kt. 501213-0120 dags. 30.04.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir læknastofu að Hlíðasmára 11 Kópavogi. Fasteignanúmer F2237054. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 22.5.2025.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

15. Víkurgata 11b, Hafnarfjörður - vinnsla málma - skráning
Lögð fram umsókn Árna Gíslasonar f.h. HD ehf., kt. 431298-2799, dags. 01.11.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir vélsmiðju að Víkurgötu 11b, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2369689. Ný starfsemi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 07.11.2023. Ítrekun 29.11.2023. Neikvætt svar frá byggingarfulltrúa dags. 30.11.2023. Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 11.08.2025.
Skráningin staðfest.

16. Bæjarlind 14-16 Kópavogi - veitingaleyfi - umsögn
Lögð fram umsagnarbeiðnir sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. heiðarlegur matur ehf. kt. 501017-1080 dags. 05.08.2025 þar sem sótt er um veitingaleyfi í flokki II - C veitingastofa. Hámarksgestafjöldi er 28 gestir.
jákvæð umsögn staðfest.

17. Dalvegur 24 Kópavogi - dekkja- og smurverkstæði - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Tomasz Marek Zalewa f.h. ST bílar ehf., kt. 500921-0640 dags. 31.05.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dekkja- og smurverkstæði að Dalvegi 24 Kópavogi. Fasteignanr. 2060571. Ný starfsemi.
Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 02.06.2025. Neikvætt svar 05.06.2025. Bréf sent umsækjanda vegna neikvæðrar umsagnar byggingarfulltrúa 18.6.25
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráningu hafnað, þar sem ekki liggur fyrir samþykkt notkun húsnæðis frá byggingarfulltrúa.

18. Dalvegur 24 Kópavogi - bifreiðaverkstæði - skráning
Lögð fram umsókn Krzysztof Ernest Posiadala f.h. Kris Service ehf., kt. 470222-1230 dags. 31.05.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Dalvegi 24 Kópavogi. Fasteignanr. F2060571. Ný starfsemi.
Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 02.06.2025. Neikvætt svar 05.06.2025.Bréf sent umsækjanda vegna neikvæðrar umsagnar byggingarfulltrúa 18.6.25
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráningu hafnað, þar sem ekki liggur fyrir samþykkt notkun húsnæðis frá byggingarfulltrúa.

19. Dalvegur 26 Kópavogi - bifreiða- og vélaverkstæði - skráning
Lögð fram umsókn Adam Wieslaw Marzec f.h. Adam motors bílaverkstæði ehf., kt. 630321-2550 dags. 28.05.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Dalvegi 26 Kópavogi. Fasteignanr. 2060536. Ný starfsemi.
Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 02.06.2025. Neikvætt svar 05.06.2025.Bréf sent umsækjanda vegna neikvæðrar umsagnar byggingarfulltrúa 18.6.25
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráningu hafnað, þar sem ekki liggur fyrir samþykkt notkun húsnæðis frá byggingarfulltrúa.

20. Dalvegur 26 Kópavogi - bifreiðaverkstæði - skráning
Lögð fram umsókn Damian Tomasz Iceland (Detail King Iceland) kt. 080482-2219 dags. 12.06.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Dalvegi 26 Kópavogi. Fasteignanr. F2060536. Ný starfsemi.
Neikvæð umsögn byggingarfulltrúa dags. 12.6.2025.Bréf sent umsækjanda vegna neikvæðrar umsagnar byggingarfulltrúa 23.6.2025.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráningu hafnað, þar sem ekki liggur fyrir samþykkt notkun húsnæðis frá byggingarfulltrúa.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

21. Dalvegur 24 Kópavogur - bón- og bílaþvottastöð - skráning
Lögð fram umsókn Megretab Abraga f.h. Bónstöð Kópavogs kt. 670319-2290 dags. 10.06.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir bónstöð að Dalvegi 24 Hafnarfirði. Endurnýjun.
Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 12.06.2025. Neikvætt svar 12.06.2025.Bréf sent umsækjanda vegna neikvæðrar umsagnar byggingarfulltrúa 18.6.25
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráningu hafnað, þar sem ekki liggur fyrir samþykkt notkun húsnæðis frá byggingarfulltrúa.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026

72. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 20.8.2025	**Fundartími: 08:30 – 09:30**
Boðaðir:	Dröfn Friðriksdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir; Karitas Róbertsdóttir; Eiríkur Vigfússon; Máni Þór Magnason; Baldur Örn Þórarinsson
Fundarstjóri:	Hörður Þorsteinsson
Ritari:	Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. **Trönuhraun 9 Hafnarfirði - söluturn - starfsleyfi**
2. **Garðatorg 1 Garðabæ - menningarstofnun - starfsleyfi**
3. **Vatnsendablettur 460 Kópavogi - niðurrif - skráning**
4. **Vatnsendablettur 429 Kópavogi - niðurrif - skráning**
5. **Háholt 2 Mosfellsbæ - Hlégarður -tækifærisleyfi - umsögn**
6. **Ásgarður - eldun matvæla og sala áfengis - Starfsleyfi**
7. **Austurströnd 3 Seltjarnarnesi - matvælageymsla - starfsleyfi**
8. **Nýbýlavegur 8 Kópavogi - Matarvagn - breytingar á starfsemi**
9. **Ásgarður - útiveitingarleyfi (áfengi) - umsögn**
10. **Vefarastræti 2-6 Mosfellsbæ - leikskóli - starfsleyfi**
11. **Trönuhraun 9 Hafnarfirði - söluturn - tóbaksleyfi**

1. Trönuhraun 9 Hafnarfirði - söluturn - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Jóns Thor Ágústssonar f.h. King Kong ehf., kt. 450224-1700, dags. 20.11.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir söluturn að Trönuhrauni 9 Hafnarfirði, fasteignanr. F2080281. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 20.8.2025.Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 07.07.2025. Jákvætt svar 09.07.2025.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2. Garðatorg 1 Garðabæ - menningarstofnun - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Sigríðar Sigurjónsdóttur f.h. Hönnunarsafn Íslands kt. 650399-2189 dags. 18.08.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir menningarstofnun að Garðatorgi 1 Garðabæ. Fasteignanr. F2224859. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 1.2.2024.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3. Vatnsendablettur 460 Kópavogi - niðurrif - skráning
Lögð fram umsókn Birkis Rútssonar f.h. Kópavogsbæjar kt. 700169-3759 dags.14.08.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrif að Vatnsendabletti 460. Kópavogi. Fasteignanr. F2066728. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 20.08.2025.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

4. Vatnsendablettur 429 Kópavogi - niðurrif - skráning
Lögð fram umsókn Birkis Rútssonar f.h. Kópavogsbæjar kt. 700169-3759 dags.14.08.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrif að Vatnsendabletti 429. Kópavogi. Fasteignanr. F2066725. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 20.08.2025.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

5. Háholt 2 Mosfellsbæ - Hlégarður -tækifærisleyfi - umsögn
Lögð fram umsagnarbeiðni sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Ungmennafélagið Afturelding kt. 460974-0119 dags. 14.08.2025 þar sem sótt er um tækifærisleyfis fyrir dansleik með Páli Óskari þann 30.08.2025 frá kl. 21:00 til 31.08.2025 kl. 03:00 í Hlégarði Mosfellsbæ. Áætlaður gestafjöldi 500 manns.
Jákvæð umsögn staðfest.

6. Ásgarður - eldun matvæla og sala áfengis - Starfsleyfi
Lögð fram umsókn Baldvins Sturlusonar f.h. Umf Stjarnan kt. 611175-0199 dags. 11.08.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir eldun matvæla og sölu áfengis að Ásgarði, Garðabæ. Fasteignanr. F2072709. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 14.08.2025.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

7. Austurströnd 3 Seltjarnarnesi - matvælageymsla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Baldurs Inga Halldórssonar f.h. Bæjarins Beztu sf., kt. 600794-2569 dags. 12.08.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir lager Bæjarins Beztu að Austurströnd 3 Seltjarnarnesi. Fasteignanr. F2066881. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags.20.08.2025.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

8. Nýbýlavegur 8 Kópavogi - Matarvagn - breytingar á starfsemi
Lögð fram umsókn Jakobs Róbertssonar f.h. Artic Pies. kt. 521020-1050 dags. 06.03.2025, þar sem sótt er um breytingu á starfsleyfi fyrirtækisins, með viðbót matarvagns. Fasteignanr. F2064397. Skráningarnúmer vagns, OXM37. Eftirlitsskýrsla dags.19.08.2025.
Með vísan til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfið samþykkt. til 4 ára.

9. Ásgarður - útiveitningarleyfi (áfengi) - umsögn
Lögð fram umsagnarbeiðnir sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Ungmannafélags Stjörnunnar, kt.611175-0199 dags. 09.07.2025 þar sem sótt er um rekstraleyfi fyrir kaffihús með áfengissölu á útisvæði Stjörnunnar, Ásgarði, Garðabæ virka daga 16:00 til 23:00 og aðfaranætur frídaga til 01:00. Afgreiðslutími útiveitinga virka daga frá 17:00 til 23:00 og aðfaraætur frídaga frá 14:00 til 23:00. Hámarksgestafjöldi er 220 manns, hámarksgestafjöldi í útiveitingum er 300 á torgi og 20 á palli.
Jákvæð umsögn staðfest.

10. Vefarastræti 2-6 Mosfellsbæ - leikskóli - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Berglindar Robertson Grétarsdóttur f.h. Mosfellsbæjar kt.470269-5969 dags. 23.06.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir leikskólann Sumarhús að Vefarastræti 2-6, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2331418. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 15.08.2025.Jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 23.07.2025.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

11. Trönuhraun 9 Hafnarfirði - söluturn - tóbaksleyfi
Lögð fram umsókn Jóns Thor Ágústssonar f.h. King Kong ehf., kt. 450224-1700, dags. 20.11.2024 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir söluturn að Trönuhrauni 9 Hafnarfirði, fasteignanr. F2080281. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 20.8.2025.
Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026